

# AUGLÝSING

## um starfsreglur um kirkjuþing unga fólksins.

### „STARFSREGLUR um kirkjuþing unga fólksins.

#### *I. Hlutverk og skipulag.*

##### 1. gr.

Biskup Íslands boðar til kirkjuþings unga fólksins í samráði við forseta kirkjuþings. Kirkjuþing unga fólksins skal haldið að vori og starfar í einn dag.

##### 2. gr.

Hlutverk kirkjuþings unga fólksins er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

##### 3. gr.

Biskupsstofa annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins í samráði við Æskulýðssamband þjóðkirkjunnar.

#### *II. Þingfulltrúar.*

##### 4. gr.

Á kirkjuþingi unga fólksins eiga sæti fulltrúar prófastsdæmanna og KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt, alls 29 fulltrúar. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna.

Prófastar bera ábyrgð á að fulltrúar verði valdir úr:

- a) Reykjavíkurrófastsdæmi vestra, 2 æskulýðsleiðtogar og 2 ungmenni.
- b) Reykjavíkurrófastsdæmi eystra, 2 æskulýðsleiðtogar og 2 ungmenni.
- c) Kjalarnessrófastsdæmi, 2 æskulýðsleiðtogar og 2 ungmenni.
- d) Borgarfjarðarprófastsdæmi og Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- e) Vestfjarðarprófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- f) Húnavatnsprófastsdæmi og Skagafjarðarprófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- g) Eyjafjarðarprófastsdæmi og Þingeyjarprófastsdæmi, 2 æskulýðsleiðtogar og 1 ungmenni.
- h) Austfjarðarprófastsdæmi og Múlaprófastsdæmi, 1 æskulýðsleiðtogi og 1 ungmenni.
- i) Suðurprófastsdæmi, 2 æskulýðsleiðtogar og 1 ungmenni.

Auk fulltrúa prófastsdæmanna velur stjórn KFUM og KFUK á Íslandi þrjá fulltrúa frá félögum til setu á kirkjuþinginu.

Æskulýðssamband þjóðkirkjunnar skal leita eftir tilnefningum þingfulltrúa og skulu þær hafa borist fyrir æskulýðsdag þjóðkirkjunnar fyrsta sunnudag í mars.

#### *III. Þingsköp.*

##### 5. gr.

Kirkjuþing unga fólksins hefst með helgistund er biskup Íslands annast. Þá setur forseti kirkjuþings þingið og stýrir því fram yfir kosningu forseta og varaforseta.

##### 6. gr.

Í upphafi kirkjuþings unga fólksins eru kosnir forseti, tveir varaforsetar og tveir fundarritarar.

##### 7. gr.

Kirkjuþing unga fólksins starfar á boðuðum þingfundum og í þremur þingnefndum. Í upphafi þingsins skulu lögð fram mál sem fjalla á um á þinginu. Málin skulu hafa borist þingfulltrúum a.m.k.

viku fyrir þing. Eftir fyrri umræðu skal máli vísað til nefndar. Forseti og varaforsetar skipa fulltrúa í nefndirnar svo og formenn þeirra. Formaður nefndar ber ábyrgð á skipulagningu nefndarstarfsins og getur kallað til utanaðkomandi aðila inn á nefndarfund. Formaður kynnir á þingfundi niðurstöðu nefndar. Mál eru samþykkt með handauppréttingu eða skriflegri atkvæðagreiðslu ef einhver óskar þess og dugir einfaldur meirihluti. Ályktanir og samþykktir kirkjuþings unga fólksins skulu sendar kirkjuráði til umfjöllunar og meðferðar.

8. gr.

Auk afgreiðslu mála skal kirkjuþing unga fólksins kjósa einn fulltrúa á kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt.

*IV. Annað.*

9. gr.

Á kirkjuþingi unga fólksins skal að öðru leyti taka mið af þingsköpum kirkjuþings eins og við getur átt.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2010.

*Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 2009.*

Pétur Kr. Hafstein,  
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir  
þingskrifari“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 20. nóvember 2009.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson**, forseti kirkjuráðs.